

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. febrúar 2018

4. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 31

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

36 manns dæmdir í samtals 96 ára fangelsi

36 manns hafa verið dæmdir í samanlagt 96 ára fangelsisvist í sakamálum sem tengjast efnahags-
hruninu fyrir áratug. Þyngstu dómarnir féllu
í málum sem beindust að störfum Kaupþings.
Rannsókn allra hrunmála er loks lokið. » 6-7



»2 Vill nýta verðbréfasjóði VR til íbúðakaupa

Forsvarsmenn VR hyggjast nýta digra sjóði stéttarfélagans til að koma á fót leigufélagi sem myndi leigja íbúðir á 15 til 30 prósent lægra verði en gengur og gerist á almennum leigumarkaði.

»2 Áforma kaup á tæplega tíu prósent í Arion

Tölf lífeyrissjóðir samþykktu að fara í viðræður um kaup í Arion banka. Lýstu yfir áhuga á að kaupa tæplega tíu prósent. Einnig viðræður við tryggingafélög og verðbréfasjóði.

»4 Verðfallið vestanhafs smitast hingað til lands

Óróleiki á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum smitast hingað til lands. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 1,15 prósent í gær. Líkur taldar á að innlendir fjárfestar hafi innleyst hagnað eftir sterkan janúar á hlutabréfamarkaði.

SJÓNMAELINGAR ERU OKKAR FAG

Tímarpantanir:

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500
Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKUR
FLUGVÖLLUR

Ætla að nýta sjóði VR til þess að kaupa íbúðir

Forsvarsmenn VR hyggjast nýta digra sjóði stéttarfélagins til þess að koma á fót leigufélagi sem myndi leigja íbúðir á 15 til 30 prósent lægra verði en gengur og gerist á almennum leigumarkaði. Ekki hefur verið ákveðið hve miklu fjármagni verður varið í kaup á íbúðum en það mun meðal annars ráðast af því hvort félagið fái meðfjárfesta, til dæmis banka, lífeyrissjóði eða félagasamtök, til þess að leggja félaginu til fé.

Stéttarfélagið á eignir upp á tólf milljarða króna sem ávaxtaðar eru með meðal annars kaupum á skuldaþréfum og hlutabréfum. Standa eignirnar undir sjóðum félagsins, svo sem sjúkrasjóði, varasjóði og starfsmenntasjóði, sem félagsmenn geta sótt um styrki úr.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segist þegar hafa fundað með nokkrum bönkum og lífeyrissjóðum. Jákvætt svar hafi þegar fengist frá einum banka en kjörin sem bankinn hafi boðið hafi þó ekki verið í samræmi við hans vonir. „Við viljum auðvitað fá meðfjárfesta með okkur í verkefnið. En ef markaðurinn streitist á móti hugmyndum okkar – um að koma á fót eðlilegum og sanngjörnum leigumarkaði – þá munum við örugglega á endanum gera þetta sjálf,“ nefnir hann.

„Við munum aldrei setja alla okkar fjármuni í verkefnið en við munum sannarlega geta nýtt hluta af okkar sjóðum.

Eigum við frekar að kaupa hlutabréf í smásölufyrirtæki? Eigum við þannig að vera í mót-sögn við sjálf okkur, sem stéttarfélag, þar sem við erum að semja um betri kjör og hærri laun, og eiga hlutabréf

þar sem ávöxtunarkrafan er hærri álagning og lægra kaupgjald? Hvar eiga mörk sjóðasöfnunar og stéttarbaráttunnar að liggja þegar við getum ekki nýtt sjóðina okkar í góða ávöxtun?“ spyr Ragnar Þór.

Félagið ætli sér síður en svo að gefa peninga. „Við erum fremur að tala um að fá góða, hóflega og ásættanlega ávöxtun fyrir félagssjóði okkar í stað þess að fara með peningana okkar á hlutabréfamarkað og vera þannig í mótsögn við tilgang okkar.“

Ragnar Þór segir að ekki liggi fyrir á þessari stundu hve miklum fjármunum verður varið í stofnun leigufélagsins, ef af áformunum verður. „Ef við myndum, í dæmskyni, setja 1,5 til 2 milljarða króna í verkefnið og fengjum öflugan meðfjárfesta með okkur, þá sé ég fyrir mér að við gætum keypt 160 til 200 íbúðir. Ef við gerum þetta ein gætum við kannski keypt 80 til 100 íbúðir. Það er mitt mat. En auðvitað mun það ráðast af því hvað félagsmenn okkar eru tilbúnir til að setja mikið fé í þetta,“ segir Ragnar Þór. Stjórn og trúnaðarráð stéttarfélagins þurfi að leggja blessun sína yfir áformin. – kj



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang visir.is

450

FASTEIGNASALA

450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is

450

FASTEIGNASALA

Tranavogur 5 til leigu eða sölu

Einstaklega vel staðsett verslunar / lagerhúsnæði á horni Tranavogs / Dugguvogs, Húsnæðið er afar bjart og gott og skiptist í 411,8 fm með góðri aðkomu og innkeyrsludrym möguleiki er að fá einnig kjallarann sem er 269,3, hægt að opna á milli hæða.

Þetta er eign sem býður upp á mikla möguleika.

Nánari upplýsingar veita

Kristberg Snjólfsson í síma 8921931 eða ks@450.is
Eða Bárður Tryggvason 8965221 bardur@450.is

450@450.is | Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali

450 fasteignasala ehf. kt. 620900-2490 Engjateigur 9, 105 Reykjavík 450.is 450@450.is Sími 450-0600



Vonir standa til að gengið verði frá samkomulagi fyrir birtingu ársuppgjörs Arion banka 14. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áforma kaup á nærri tíu prósentum í Arion

Tólf lífeyrissjóðir samþykktu að fara í viðræður um kaup í Arion banka. Lýstu yfir áhuga á að kaupa tæplega tíu prósent. Einnig viðræður við tryggingafélög og verðbréfasjóði. Kaupréttur að hlut ríkisins verður nýttur gangi áformin eftir.

Á annan tug lífeyrissjóða samþykktu í lok síðustu viku að fara í óskuldbindandi viðræður um kaup á samanlagt tæplega tíu prósent hlut í Arion banka af Kaupþingi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi í byrjun næstu viku, fyrir birtingu ársuppgjörs bankans 14. febrúar, en kaupverðið yrði þá að óbreyttu samtals í kringum sautján milljarðar króna.

Þá eru einnig á sama tíma viðræður við íslensk tryggingafélög og verðbréfasjóði um að fjárfesta í Arion banka, mögulega á bilinu þrjú til fimm prósent hlut, samhliða því að gengið yrði frá kaupsamningi við lífeyrissjóðina. Það er Kvika banki sem er ráðgjafi Kaupþings í söluferlinu en sjóðunum og tryggingafélögnum var gert tilboð þar sem þeim býðst að kaupa í bankanum á föstu verði sem er rétt yfir genginu 0,8 miðað við eigið fé hans í lok þriðja ársfjórðungs 2017.

Gangi áform lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta eftir um að kaupa mögulega allt að fimmtán prósent hlut í Arion banka, áður en ráðist verður í alþjóðlegt útbod og skráningu bankans síðar á árinu, hyggst Kaupþing nýta sér kauprétt að þrettán prósent hlut ríkisins í bankanum. Kaupþing hefur að undanförnu haft það til skoðunar, eins og áður hefur verið greint frá í Markaðnum, að leysa til sín hlut ríkisins á grundvelli hluthafasamkomulags frá 2009 og selja hann áfram – á sama verði og hann yrði keyptur á af ríkinu – til meðal annars lífeyrissjóða.

Aðeins hefur þó staðið til að kauprétturinn yrði nýttur ef fyrir myndi liggja staðfestur áhugi lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta á að kaupa þau bréf að stærstum hluta strax í kjölfarið af Kaupþingi. Kaupþing þyrfti að greiða um 23 milljarða króna fyrir þrettán prósent hlut

17

milljarða myndi tæplega tíu prósent hlutur í Arion banka seljast á miðað við tilboð Kaupþings.

» Á hluthafafundi bankans 12. febrúar verður lagt til að greiða út 25 milljarða í arð til hluthafa. Sú arðgreiðsla mun að óbreyttu fara að stærstum hluta til íslenska ríkisins.

ríkisins, eða sem jafngildir genginu rúmlega 0,8 miðað við núverandi eigið fé Arion banka. Íslenska ríkið eignaðist hlutinn í bankanum, sem þá hét Nýja Kaupþing, í árslok 2009 samhliða því að ríkissjóður lagði honum til rúmlega níu milljarða í hlutafé við stofnfjármögnun bankans.

Um einn mánuður er liðinn frá því að ráðgjafar Kaupþings byrjuðu fyrst að funda óformlega með sumum af stærstum lífeyrissjóðunum vegna mögulegra kaupa á hlut í Arion banka. Öllum lífeyrissjóðum landsins barst síðan tilboð miðvikudaginn 24. janúar síðastliðinn þar sem Kaupþing bauðst til að selja þeim að lágmarki samtals fimm prósent af bréfum félagsins í bankanum. Óskað var eftir því að hver og einn sjóður gæfi svar í síðasta lagi föstudaginn 2. febrúar um hvort þeir hefðu áhuga á að fara í viðræður á grundvelli tilboðs

Kaupþings og þá hversu stóran hlut sjóðirnir kynnu að vilja kaupa.

Samkvæmt svörum sem bárust frá lífeyrissjóðunum lýstu tólf þeirra, eða um helmingur allra starfandi lífeyrissjóða á landinu, áhuga á að kaupa sem fyrr segir samanlagt nærri tíu prósent hlut í bankanum. Á meðal fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins – LSR, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu – ákvað stjórn Gildis að fara í viðræður um kaup á talsverðum hlut í Arion banka, með þeim skilyrðum að ekki yrði fallist á fyrirliggjandi tilboð Kaupþings óbreytt, og þá er LSR með málið enn til skoðunar. Stjórnir hinna sjóðanna kusu að fjárfesta ekki í bankanum á þessu stigi en í samtölum við forsvarsmenn þeirra undirstrika þeir að sú ákvörðun útiloki ekki að sjóðirnir muni mögulega kaupa í bankanum síðar.

Bodað hefur verið til hluthafafundar hjá Arion banka 12. febrúar þar sem stjórn bankans leggur til 25 milljarða arðgreiðslu til hluthafa. Arðgreiðslan er háð því skilyrði að Kaupþing, dótturfélag Kaupþings sem á 57 prósent í bankanum, hafi selt minnst tvö prósent eignar félagsins fyrir 15. apríl. Þá er lagt til að stjórnin fái heimild, sem gildir einnig fram í miðjan apríl, til þess að kaupa allt að tíu prósent eigin bréfa bankans og að það fé sem nýtt verði til kaupanna dragist frá væntanlegri arðgreiðslu. Auk Kaupþings og íslenska ríkisins eiga þeir vogunarsjóðir og Goldman Sachs samtals um 30 prósent hlut í bankanum. Bodaðar arðgreiðslur til hluthafa myndu að stærstum hluta renna til ríkissjóðs þar sem Kaupþing þyrfti að ráðstafa slíkum greiðslum inn á veðskuldbréf sem það gaf út til ríkisins í ársbyrjun 2016 í tengslum við stöðugleikaskilyrði sem félagið samþykkti. hordur@frettabladid.is

36%

starfsfólks á aldrinum
18-34 ára segist ætla
að finna sér nýtt starf
á næstu 12 mánuðum.

Hvernig er staðan á þínum vinnustað?



ET Sjón græddi verulega á fjárfestingu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölfaldaði fjárfestinguna í Ölgerðinni á sex árum

Héraðsdómur Reykjavíkur telur ljóst að félagið ET Sjón, sem er í eigu augnlæknisins Eiríks Ingvars Þorgeirssonar, hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna fjárfestingar sinnar í Ölgerðinni. Ástæðan sé sú að félagið hafi riflega fjölfaldað fjárfestingu sína á sex árum og hlotið 27 prósentu árlega arðsemi.

Í dómi héraðsdóms í máli félagsins gegn Kvikubanka, sem kveðinn var upp í síðasta mánuði, er bent á að félagið hafi haustið 2010 keypt 28,2 prósentu hlut í eignarhaldsfélaginu Þorgerði, sem stofnað var utan um kaup á 45 prósentu hlut í Ölgerðinni, fyrir 240 milljónir króna. Sex árum síðar, eða í október 2016, hafi Þorgerður selt hópi fjárfesta hlut sinn í drykkjarvöruframleiðandannum á 5,2 milljarða króna. Að teknu tilliti til kostnaðar, arðgreiðslna á fjárfestingartímanum og fleiri þátta megi ætla að um einn milljarður króna hafi þá fallið í skaut ET Sjónar.

Héraðsdómur sýknaði Kvikubanka 300 milljóna króna skaðabótakröfu

ET Sjónar. Taldi félagið sig hafa orðið fyrir tjóni vegna meintrar ófullnægjandi ráðgjafar af hálfu Auðar Capital, sem síðar sameinaðist Virðingu. Kvika festi síðan kaup á öllu hlutafé Virðingar á síðasta ári.

Félag Eiríks taldi sig hafa orðið fyrir tjóni af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna endurálagningar ríkisskattstjóra á Ölgerðina vegna öfugs samruna félagsins frá árinu 2007 og hins vegar vegna ágreinings Ölgerðarinnar við Lýsingu um lögmæti fjármögnunarleigusamninga en Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu 2014 að gengistryggingarákvæði samninganna væri ekki ölögmætt.

Dómurinn féllst ekki á að félagið hefði orðið fyrir tjóni af þessum sökum. Félagið hafi hagnast verulega á fjárfestingunni. Á því var auk þess byggt í málatilbúnaði Kvikubanka. Sagði bankinn að 27 prósentu árleg ávöxtun væri „stórkostlegur árangur og fyllilega í samræmi við þau markmið sem lagt var upp með“. – kij

scotch ON ICE
COMEDY FESTIVAL

FYRSTA SKOSK/ÍSLENSKA UPPISTANDSHÁTÍÐ SÖGUNNAR!

8. febrúar - Gaukurinn
9. febrúar - Gamla bíó
10. febrúar - Harpa

Miðar á tix.is og harpa.is

Nýtt öflugt bókhaldskerfi í skýinu frá mannum sem færði okkur Dynamics Ax

Prófaðu frítt í 30 daga

Erik Damgaard
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

UNICONTA
www.uniconta.is

Verðfallið vestanhafs smitast hingað til lands

Óróleiki á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum smitast hingað til lands. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 1,15 prósent í gær. Líkur taldar á að innlendir fjárfestar hafi innleyst hagnað eftir sterkan janúar á hlutabréfmarkaði.

Fjárfestar hér á landi brugðust í gær nokkuð harkalega við verðfallinu sem varð á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum, sér í lagi vestanhafs, í byrjun vikunnar. Hlutabréf allra félagna sem skráð eru á markað, fyrir utan bréf Eimskips, féllu í verði og lækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 1,15 prósent.

Eggert Þór Adalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kvikubanka, segir að sú mikla lækking sem varð á hlutabréfamörkuðum vestanhafs á mánudag hafi smitað út frá sér á íslenska hlutabréfmarkaðinn í gær. Auk þess standi ákveðnar líkur til þess að fjárfestar hafi innleyst hagnað í einhverjum mæli eftir sterkan janúarmánuð.

„Hlutabréfmarkaðurinn hækkaði um sjö til átta prósent í janúar eftir magra tíð þar á undan. Þetta er næstbesti janúarmánuður á markaðinum frá hruni. Lækkunin í gær tengist óróanum á bandarískum mörkuðum með beinum hætti.

En sé litið til næstu mánaða skiptir mestu máli, hvað íslenska hlutabréfmarkaðinn snertir, að við sjáum sterk uppgjör frá félögum í yfirstandandi uppgjörshruni til þess að ýta undir frekari hækkunir hlutabréfa,“ segir hann.

Hæri verðbólguvæntingar

S&P 500 hlutabréfavisitalan lækkaði um 4,1 prósent á mánudag og er það mesta dagslækkun vísitölunnar í sex ár. Óróann má einkum rekja til nýrra atvinnutalna sem birtar voru í Bandaríkjunum á föstudag en þær gáfu til kynna að bandaríska hagkerfið, sér í lagi vinnumarkaðurinn, væri að taka betur við sér en fjárfestar höfðu gert ráð fyrir. Þannig hækkuðu laun í landinu um 3 prósent að meðaltali í janúarmánuði sem er mun meiri hækkun en greinendur höfðu spáð.

Í kjölfarið snarhækkaði ávöxtunarkrafa bandarískra ríkisskuldabréfa en hækkunin endurspeglar væntingar fjárfesta um aukna verðbólgu og frekari vaxtahækkunir Seðlabanka Bandaríkjanna. Vextir vestanhafs hafa verið í sögulegu lágmarki um nokkurra ára skeið.

„Fjárfestar virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að bandaríska hagkerfið sé nálægt því að ofhitna og þess vegna sé hættan af aukinni verðbólgu meiri en hættan af því að kreppa skelli á,“ segir Torsten Slok, aðalhaf fræðingur Deutsche Bank, í samtali við Financial Times. Aukin hættan á verðbólgu kalli á hærri stýri-vexti.

Áhrifanna af verðfallinu gætti víðar um heim. Þannig hriðféll japanska hlutabréfavisitalan Nikkei 225 um 5 prósent í gær og hluta-



Verðbrefamiðlarar hafa haft í nógu að snúast síðustu daga. Mikill ótti greip um sig á hlutabréfamörkuðum í byrjun vikunnar og lækkuðu allar helstu hlutabréfavisitölur heims. Mest var lækkunin í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Nú eru menn farnir að horfa fram á hraðara vaxtahækkunarferli en áður og fjárfestar líta það ekki eins jákvæðum augum.

Eggert Þór Adalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kvikubanka



Svo virðist sem hlutabréfmarkaðurinn hafi ekki náð sér almennilega á strik eftir hrun.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



bréfavisitölur í Evrópu tóku auk þess dýfu. Þannig lækkaði FTSE 100 vísitalan í Lundúnum um 1,7 prósent og Dax 30 vísitalan í Frankfurt fór niður um tvö prósent.

Hérlendur hlutabréfmarkaður fór heldur ekki varhluta af lækkunum, eins og áður sagði. Viðmælendur Markaðarins benda á að eftir að gjaldþyrishöftum var aflétt á síðasta ári sé Ísland ekki lengur eyland. Allar hræringar á erlendum mörkuðum hafi áhrif á íslensk félög, í mismiklum mæli þó.

Ekki náð sér á strik

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir íslenska

hlutabréfmarkaðinn ólíkan því sem hann var á árunum fyrir hrun. „Á þeim tíma voru íslensku félögin mjög skuldbætt og var það regla fremur en undantekning að verðkennitölur félagna voru hærri hér á landi en erlendis. Nú er því hins vegar öfugt farið. Flest þeirra félaga sem skráð eru hér á markað starfa einkum á heimamarkaði og eru litið skuldbætt,“ segir hann.

Hann nefnir að íslensku hlutabréfmarkaðurinn hafi verið nokkuð flatur frá árinu 2015 sé litið til þróunar Úrvalsvísitölunnar. Hlutabréf einstakra félaga hafi risið og fallið í verði en markaðurinn í heild sé sennilega ekki yfirverðlagður.

„Svo virðist sem markaðurinn hafi ekki náð sér almennilega á strik eftir hrun. Tiltruin er minni en áður. Almenningur virðist ekki hafa leitað í hlutabréfi eins miklum mæli og það skýrir, tel ég, að miklu leyti af hverju markaðurinn hefur ekki hækkað mikið undanfarið,“ segir Ásgeir.

Eggert Þór bendir á að hlutabréfmarkaðurinn vestanhafs hafi verið í mikilli uppsveiflu og helstu vísitölur hækkað um 20 til 25 prósent í fyrra. Þær hækkunir hafi þó ekki skilað sér hingað til lands. Nýjar vinnu- markaðstölur hafi hins vegar leitt til væntinga um aukna verðbólgu og frekari vaxtahækkunir.

„Vaxtahækkunarferlið sem slíkt þarf ekki að hafa neikvæð áhrif á hlutabréfmarkaði, enda er það til marks um að efnahagslífið er sterkt. Hagnaður fyrirtækja erlendis er farinn að aukast á nýjan leik. En nú eru menn hins vegar farnir að horfa fram á hraðara vaxtahækkunarferli en áður og fjárfestar líta það ekki eins jákvæðum augum,“ segir Eggert Þór. kristinningi@frettabladid.is

Kvika banki á markað í mars

Kvika banki stefnir nú að óbreyttu að skráningu hlutabréfa fjárfestingarbankans á First North markaðinn í Kauphöllinni í byrjun næsta mánaðar. Þetta staðfestir Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri Kvikubanka, í samtali við Markaðinn.

Stjórn bankans samþykkti í lok september í fyrra að stefna að skráningu bankans og var upphaflega lagt upp með að hún yrði að veruleika í lok síðasta árs. Ákveðið var hins vegar að bíða með skráninguna þangað til eftir að ársuppgjör bankans yrði gert opinbert á síðari helmingi þessa mánaðar.

Hagnaður Kvikubanka á fyrstu sex mánuðum síðasta árs nam 946 milljónum. Arðsemi eigin fjár var 26,2 prósent, eigið fé Kvikubanka var um 8.200 milljónir um mitt árið 2017.

Gríðarmikil viðskipti hafa verið með bréf í Kvikubanka síðustu mánuðum og misserum. Á meðal þeirra sem hafa einnig komið inn í hlutahafahóp Kvikubanka eru



Ármann Þorvaldsson

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, Lifsværk lífeyrissjóður, Sigurður Sigurgeirsson, fjárfestir og fyrrverandi byggingarverktaki, Eiríkur Vignisson, framkvæmdastjóri Vignis G. Jónssonar, dótturfélags HB Granda, og Hjörleifur Jakobsson, stór hluthafi í bílaumbodinu Öskju, Öryggismiðstöðinni og Samskipum.

Stærstu hluthafar Kvikubanka eru tryggingafélagið VÍS með 23,57 prósentu hlut, félag í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, sem á 9,32 prósentu hlut, og Lífeyrissjóður verslunarmanna með 8,96 prósent. – hae



-35%

RÝMINGARSALA Á VÖLDUM LITUM ÚR PRIMA VÖRULÍNUNNI



35% afsláttur af öllu Prima Hlyn, Beyki, Grárri eik, Kirsuberja og kaffibrúnum. Tilboð gildir ekki af rafmagnsborðum.



VERÐDÆMI

	Litur	Verð áður	Verð nú
Há möppuhilla með rennihurðum	Hlynur	58.500	37.900
Lág möppuhilla með rennihurðum	Hlynur	40.900	25.900
Millihá möppuhilla með skúffum	Hlynur	45.500	28.900
Há möppuhilla	Beiki	49.500	31.900
Lág möppuhilla	Beiki	29.800	18.900
Skrifborð 120x80	Hlynur	34.200	21.900
Skrifborð 150x80	Beiki	36.800	23.900

MYNDFORM GRAFIK



Þið finnið okkur á Facebook

Hirzlan

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

36 manns í samtals 96 ára fangelsi

36 manns hafa verið dæmdir til samanlagðrar 96 ára fangelsisvistar í svonefndum hrunmálum. Þyngstu dómarnir féllu í málum sem beindust að störfum Kaupþings. Rannsókn allra hrunmála er lokið.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Magnús Sveinn Helgason
magnussveinn@365.is

Alls hafa 36 manns verið dæmdir í samtals 96 ára fangelsisvist í sakamálum sem tengjast efnahagshruninu haustið 2008, samkvæmt samantekt Markaðarinn. Ellefu manns hafa hlotið samanlagt 35 ára fangelsisdóm í málum sem beinast að störfum Kaupþings, sjö hafa fengið samtals 25 ára og 3 mánaða dóm í málum sem tengjast Glitni og jafn margir hafa verið dæmdir í samanlagt 13 ára fangelsisvist í málum sem varða störf gamla Landsbankans.

Sex svonefnd hrunmál eru enn fyrir dómi og má því telja sennilegt að samanlögð lengd fangelsisdóma í slíkum málum, sem varða brot í aðdraganda falls fjármálakerfisins fyrir áratug, fari yfir 100 ár.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, hefur hlotið þyngstu refsinguna fyrir brot sem framin voru í aðdraganda hrunsins eða samanlagt sjö ár. Er það einu ári meira en sá sex ára refsirammí í hrun- og efnahagsbrotamálum sem kveðið er á um í lögum.

Þeir Magnús Guðmundsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg, og Lárus Welding, sem stýrði starfsemi Glitnis banka, hafa hlotið næstþyngstu refsinguna eða samanlagt sex ára fangelsisdóm hvor. Hreiðar Már og Lárus eru aukinheldur þeir fyrrverandi bankamenn sem hlotið hafa hvað flesta refsisdóma fyrir brot sín í aðdraganda hrunsins: þrjá talsins.

Þremmingarnir eru ekki enn lausir allra mála en þeir eru ákærðir í nokkrum málum sem bíða dómsmeðferðar í annaðhvort héraðsdómi eða Hæstarétti.

Þeir Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðs- viðskipta Glitnis, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, og Sigurjón Þ. Arnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hafa hver um sig verið dæmdir til samtals fimm ára fangelsisvistar.

Greint var frá því í fréttum Ríkisútvarpsins í síðasta mánuði að rannsókn allra sakamála sem tengjast efnahagshruninu væri lokið. Þau tímamót hefðu orðið í starfsemi embættis héraðsáskórnara þegar síðasta rannsóknin var felld niður í desember. Síðasta ákæran sem saksóknari gaf út var í septembermánuði árið 2016, þar sem Hreiðari Má og Guðnýju Örnú Sveinsdóttur, fyrrverandi fjármálastjóra Kaupþings, eru gefin að sök innherja- og umboðssvik, en ekki liggur enn fyrir hvenær aðalmeðferð í málinu fer fram.

Því til viðbótar eru fimm mál enn fyrir dómi, en það eru mál sem kennnd eru við Aurum Holdings, Chesterfield, Marple, Stím og meinta markaðsmisnotkun hjá Glitni. Fjögur fyrstnefndu málin eru nú fyrir dómi öðru sinni en Hæstiréttur hafði áður ómerkt í öllum tilvikum dóma héraðsdóms.

202 hrunmál á borðinu

Frá því að embætti sérstaks saksóknara var komið á fót í byrjun árs 2009



Sex svonefnd hrunmál bíða enn dómsmeðferðar í annað hvort héraði eða Hæstarétti. Þar af eru fjögur mál nú fyrir dómi öðru sinni en Hæstiréttur hafði áður ómerkt í öllum tilvikum dóma héraðsdóms. Saksóknari gaf út síðustu ákæru sína í málum af þessum toga í september árið 2016. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Þyngstu refsingarnar í hrunmálum:



Samanlögð lengd fangelsisdóma í hrunmálum:



– gagnert í þeim tilgangi að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda fjármálahrunsins haustið 2008 – hafa 202 mál sem tengjast hruninu komið inn á borð þess. Rannsókn 84 mála var hætt og 18 mál voru felld niður að lokinni rannsókn, 22 mál

voru sameinuð öðrum málum, 4 send til annarra embættis, 7 flokkuð sem aðstoð við önnur yfirvöld og þá var ein ákæra afturkölluð eftir útgáfu.

Samkvæmt samantekt Markaðarinn, sem byggir á tiltölulega þröngri skilgreiningu á hrunmálum, hefur nítján slíkum málum lokið með dómi. Sakfelld var að öllu leyti eða að hluta til í fjórtán þeirra og sýknað í fimm málum.

Embætti sérstaks saksóknara hætti starfsemi í lok árs 2015 og tók héraðsáskóknari við öllum verkefnum embættisins. Ólafur Þór Hauksson, sem tók á sínum tíma að sér það verkefni, sem sérstakur saksóknari, að stýra rannsóknum á meintum efnahagsbrotum í bankahruninu, var skipaður héraðsáskóknari í október árið 2015.

Þrátt fyrir að nítján hrunmál hefur lokið með dómi er ekki þar með sagt að þau séu endanlega til lykta leidd. Þannig greindi fréttastofa Stöðvar 2 frá því í nóvember á síðasta ári að dómþólar í þremur hrunmálum, þar á meðal Sigurjón Þ. Arnason, hefðu leitað til endurupptökunefndar og krafist endurupptöku mála sinna vegna nýlegra upplýsinga um hluta-

fjáreign dómara í föllnu bönkunum þremur.

Þá hafa sakborningarnir í Al Thani-málinu svonefnda kvartað til Mannréttindadómstóls Evrópu af sömu ástæðu. Hefur dómstóllinn þegar krafði íslensk stjórnvöld svara við nokkrum spurningum um málsmeðferð saksóknara og dómstóla í málinu. Dómstóllinn getur ekki felld dóma íslenskra dómstóla úr gildi. Hann leggur hins vegar mat á það hvort íslenska ríkið hafi brotið gegn sakborningunum þannig að í bága fari gegn ákvæðum mannréttinda-sáttmála Evrópu.

11 tengdir Kaupþingi sakfelldir

Eins og áður var nefnt hafa þyngstu refsisdómarnir fyrir brot framin í aðdraganda hrunsins fallið í málum sem beinast að störfum Kaupþings. Ellefu manns, sem tengdust bankanum, annaðhvort sem starfsmenn eða viðskiptavinir, hafa verið dæmdir í samanlagt 35 ára fangelsisvist á síðustu árum.

Áður nefndur Hreiðar Már var dæmdur í fimm og hálfis árs fangelsi í Al Thani-málinu, sex mánaða

fangelsi í markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings og loks eins árs fangelsi í héraði í Marple-málinu á síðasta ári, en þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Auk þess er beðið dómsmeðferðar í tveimur málum til viðbótar sem bankastjórinn fyrrverandi er ákærður í. Annað þeirra er kennt við Chesterfield eða CLN-skuldabréf, en Hæstiréttur ómerkti í fyrra sýknuðóm héraðsdóms og vísaði málinu aftur heim í hérað.

Magnús Guðmundsson, sem hefur hlotið þyngstu mögulegu refsingu samkvæmt refsirammannum, fékk fjögurra og hálfis árs dóm vegna aðildar sinnar að Al Thani-málinu og átján mánaða dóm í héraði í Marple-málinu. Hann er einnig ákærður fyrir umboðssvik í Chesterfield-málinu ásamt þeim Hreiðari Má og Sigurði Einarssyni. Sá síðarnefndi var dæmdur til fjögurra ára fangelsisvistar í Al Thani-málinu og eins árs vistar í markaðsmisnotkunarmáli bankans.

Sex fyrrverandi starfsmenn Kaupþings til viðbótar voru sakfelldir í markaðsmisnotkunarmálinu, þar á meðal þeir Ingólfur Helgason, sem stýrði starfsemi bankans á Íslandi, sem hlaut fjögurra og hálfis árs dóm, og Bjarki Diego, fyrrverandi framkvæmdastjóri útlána, sem fékk tveggja og hálfis árs dóm.


Þá hafa tveir hlotið fangelsisdóma í málum sem tengjast starfsemi Kaupþings fyrir hrun á þess að hafa starfað hjá bankanum. Ólafur Ólafsson, sem var á meðal stærstu hluthafa Kaupþings, hlaut sem kunnugt er fjögurra og hálfis árs dóm í Al Thani-málinu og þá var fjárfestirinn Skúli Þorvaldsson dæmdur í hálfis árs fangelsi í héraði í Marple-málinu.

Glitnismenn í 25 ára fangelsi

Þyngstu dómarnir sem fallið hafa í málum er varða störf Glitnis féllu í BK-44 málinu í desember árið 2015. Þá voru fjórir fyrrverandi starfsmenn bankans dæmdir fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik vegna 3,8 milljarða króna lánveitingar bankans til félags í eigu Birkis Kristinssonar, sem starfaði í einkabankaþjónustu bankans, en fjármunirnir voru notaðir til að kaupa hlutabréf í Glitni. Birkir hlaut fjögurra ára dóm rétt eins og verðbréfamíðlarinn Elmar Svavarsson. Jóhannes Baldursson

Hrunmálin í hnotskurn

■ Ár í fangelsi
 ■ Fjöldi sakfelldra



var dæmdur í þriggja ára fangelsi og Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækja-sviðs, í tveggja ára fangelsi.

Lárus Welding hlaut fimm ára fangelsisdóm í héraði í Stím-málinu, en dómurinn var kveðinn upp seint á síðasta ári, og eins árs dóm, einnig í héraði, í Aurum-málinu. Báðum dómunum hefur verið afþryggt til Hæstaréttar. Í síðarnefnda málinu hlaut Magnús Arnar jafnframt tveggja ára dóm. Hins vegar var sýknað af ákæru á hendur þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, sem var einn af aðaleigendum Glitnis, og Bjarna Jóhannessyni, fyrrum viðskiptastjóra hjá bankanum. Lárus Welding er einnig ákærður,

ásamt fjórum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis, í markaðsmisnotkunarmáli bankans. Aðalmeðferð málsins í héraði lauk í byrjun mánaðarins og verður dómur kveðinn upp innan fárra vikna.


Færri mál varða Landsbankann

Færri mál hafa komið til kasta dómstóla sem varða störf gamla Landsbankans heldur en hinna bankanna tveggja. Sjö manns, sem tengdust bankanum, hafa verið dæmdir til samanlagt 13 ára fangelsisvistar vegna efnahagsbrota fyrir hrun.

Umfangsmesta málið var markaðsmisnotkunarmál bankans en héraðsdómari greip til þess ráðs að skipta

Afdrif hrunmálanna

- Rannsókn hætt
- Fellð niður eftir að rannsókn lauk
- Sameinuð öðrum málum
- Framsend öðru embætti
- Aðstoð við önnur yfirvöld
- Ákæra eftirkölluð eftir útgáfu
- Sakfelld að öllu leyti eða hluta
- Sýknað
- Enn fyrir dómi



því í tvennt. Í fyrri hluta málsins, sem er jafnan kennt við Ímon, var Sigurjón Þ. Arnason dæmdur í Hæstarétti í þriggja og hálfis árs fangelsi, Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Landsbankans, í 18 mánaða fangelsi og Steinþór Gunnarsson, sem gegndi starfi forstöðumanns verðbréfamíðlunar, í níu mánaða fangelsi.

Í seinni hluta málsins var Sigurjón einnig sakfelldur og dæmdur til eins árs og sex mánaða fangelsisvistar. Auk hans hlaut Ívar Guðjónsson tveggja ára dóm, Júlíus S. Heiðarsson eins árs dóm og Sindri Sveinsson níu mánaða dóm, en þeir störfuðu allir í deild eigin viðskipta bankans.



Einstök byggingarlóð til sölu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu

Til sölu er lóðin Skektuvogur 1. Um er að ræða vel staðsetta 9.368 m² hornlóð sem er hluti nýrrar Vogabyggðar sem er svæðið austan Sæbrautar og niður að ósum Elliðaáa þar sem mun rísa blönduð byggð íbúða- og atvinnuhúsnæðis með góðu aðgengi að þjónustu og náttúru. Þinglýst hefur verið nýjum lóðarleigusamningi við Reykjavíkurborg og gatnagerð við lóðina er á lokastigi.

Heildarbyggingarmagn er 23.650 m² skv. gildandi skipulagi, þar af 16.890 m² ofanjarðar og 6.760 m² neðanjarðar. Heimilt er að byggja ofanjarðar allt að 10.162 m² íbúðarhúsnæði (102 íbúðir) og allt að 6.728 m² atvinnuhúsnæðis ef heimild fyrir íbúðarhúsnæði er nýtt til

fulls. Meðfram Sæbraut er gert er ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi sem fellur vel að íbúðarbyggð, s.s. skrifstofum, opinberri þjónustu, verslunum, veitingarekstri, menningarstarfsemi o.þ.h.

Hægt er að óska eftir frekari upplýsingum með því að senda tölvupóst á netfangið skektuvogur@lex.is

Allar nánari upplýsingar veita Garðar Víðir Gunnarsson hdl. og Óskar Sigurðsson hrl. hjá LEX lögmannstofu í síma 590-2660.

Áhugasamir aðilar sendi tilboð á netfangið skektuvogur@lex.is fyrir 28. febrúar 2018.



LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26
 105 Reykjavík
 Sími 590 2600

Væntingar ráða verði



Hrannar Pétursson sjálfstætt starfandi ráðgjafi í upplýsinga- og samskiptamálum

Íhuga margra byggja fjárfestar ákvarðanir um kaup og sölu hlutabréfa aðallega á upplýsingum úr rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja. Staðreyndin er þó sú, að margir þættir hafa áhrif, til dæmis trúverðuleiki stjórnenda, orðspor fyrirtækis, viðskiptahættir, fyrirtækjamenning, þekking og einurð starfsmanna. Einkum eru það þó væntingar fjárfesta um framtíðina og tiltrú á stjórnendur fyrirtækja sem ráða verðlagningu á markaði. Með skipulegum samskiptum skráðra fyrirtækja við markaðsaðila má auðvelda fjárfestum að meta þessa huglægu þætti, svo hlutabréfaverð endurspeglir raunveruleg verðmæti og fjárfestar sjái tækifærin sem kunna að liggja vannýtt í fyrirtækjum.

Er slúðrað um þitt fyrirtæki?

Almennt eru fjárfestar móttækilegir fyrir skipulegum og markvissum samskiptum sem fyrirtæki stofna til, enda auðveldi þau þeim að skilja viðkomandi félög og meta horfur í rekstrinum á hverjum tíma. Mörg fyrirtæki hafa gert þau mistök að svara eingöngu fyrirspurnum sem berast, bíða við símann og furða sig á því hve markaðsaðilar sýni þeim litinn áhuga. Þau láta hjá líða að rækta samskipti við lykilaðila á markaði, miðla upplýsingum um strauma í sinni atvinnugrein, stefnu félagsins og deila fréttum. Sum skráð fyrirtæki hafa litla sem enga vitneskju um skoðanir markaðarins, slúðrið á kaffistofunum og ranghugmyndunum sem stundum lita viðskipti með hlutabréf.

Markaðsaðilar lita svo á, að litill sýnileiki fyrirtækja sé til marks um að þar sé fátt að gerast, jafnvel þótt uppgjörin séu ágæt. Upplýsingarnar sem eru veittar við hvert ársfjórðungsuppgjör eru að mestu sögulegar og gefa litlar vísbendingar um framtíðina en fjárfestar hafa jú eðlilega mestan áhuga á því sem er fram undan. Þær fela hvorki í sér greiningu á þróun markaða, breytingar á samkeppnisumhverfi, né almennar fréttir úr rekstrinum. Fjárfestatengill á að rækta samskiptin við markaðsaðila, stuðla að auknum sýnileika félagsins og trúverðuleika stjórnenda. Hann á að vekja áhuga fjárfesta á fyrirtækinu, starfsemi þess, árangri, vaxtarmöguleikum og stefnu. Hann á að sýna frumkvæði, en ekki sitja og bíða eftir tölvupósti eða símtali. Hann á að bæta aðgengi að upplýsingum úr rekstrinum, vera

faglegur, en viðkunnanlegur og fær í mannlegum samskiptum.

Ef fjárfestatengli tekst vel upp í starfi er líklegt að áhugi fjölmiðla á fyrirtækinu aukist, þar sem fjölmiðlar byggja umfjöllun um atvinnulífð oft á samskiptum við skoðanamótandi fólk á fjármálamarkaði. Ef fyrirtæki sinnir því fólki vel aukast líkurnar á því að talað sé vel um fyrirtækið. Með bættu upplýsingaflæði verða greiningar á félaginu markvissari og áhugi á félaginu meiri. Í því samhengi er rétt að hnykkja á því, að markmiðið með skipulegum samskiptum við markaðsaðila er að stuðla að réttri verðmyndum á hlutabréfum, en ekki að tala þau upp eða niður. Slíkt er enda ekki heimilt, þótt ólíkar skoðanir fjárfesta á virði hlutabréfa sé í raun drifkraftur markaðarins. Yfirverðlagning helst ekki til lengdar og verður jafnvel til þess að markaðurinn hefni sin þegar fyrirtækið stenst ekki væntingar. Pendúllinn getur þá sveiflast í hina áttina og leitt til undirverðlagningar. Fjármögnun verður kostnaðarsamari og hluthafar tapa verðmætum.

Fáir þekkja þessi fræði betur en markaðsaðilar í Bandaríkjunum. Í bókinni *Winning Investors* Over fjallar Baruch Lev um samspil árangurs og ásynðar fyrirtækja á bandarískum fjármálamarkaði og visar í rannsóknir á þúsundum skráðra fyrirtækja. Þær sýna hve harðar upplýsingar úr uppgjörum, þ.e. tölur, skýra stóran hluta af hlutabréfaverði. Mjúkar upplýsingar, viðhorf og væntingar, skýra það sem upp á vantar. Framsetning harðra upplýsinga skiptir máli, hvort orðfæri er jákvætt eða neikvætt, hvort góðar fréttir eru í fyrstu málsgrein eða neðar í uppgjörstilkynningum. Og það er athyglisverð að vestra eru viðbrögðin við slæmu uppgjöri minni á föstudögum en á öðrum dögum vikunnar.

Svona viljum við hafa það

Þau fyrirtæki sem ná bestum árangri á markaði eru þau sem hafa skýra sýn og tekst að útskýra þá sýn með skipulegum og helst skemmtilegum hætti. Reksturinn þarf svo að vera góður, vöxturinn samkvæmt áætlunum og afkoman í takt við væntingar. Það má því í raun segja, að markaðurinn laðist að og styðji við forstjóra sem eru í senn góðir rekstrar- og sögumenn. Menn sem láta ekki stýrast af skammsýni og freistast ekki til að skera niður í rekstrinum til að ná góðu uppgjöri í eitt skipti eða tvö. Menn sem standa við orð sín, geta útskýrt frávik frá fyrri áætlunum, hvert sé stefnt og útskýra að fyrra bragði frá því hvernig brugðist sé við breyttum forsendum í síbreytilegu rekstrarumhverfi. Þannig byggist upp trúverðuleiki sem endurspeglar virði fyrirtækja. Samskipti eru lykillinn að þessu.

Harðvítug barátta um völdin innan Och-Ziff

Óttast er að harðvítug barátta um framtíð bandaríska vogunarsjóðsins Och-Ziff muni draga úr trausti fjárfesta á sjóðnum. Och-Ziff á 6,6 prósentu hlut í Arion banka. Hlutabréf sjóðsins hafa hriðfallið og eignir í stýringu lækkað verulega.

Fyrir fáeinum mánuðum lék allt í lyndi. Nú er hins vegar óttast að barátta tveggja manna um völdin í bandaríska vogunarsjóðnum Och-Ziff muni draga úr trausti fjárfesta á sjóðnum og leiða til enn aukins útlæðis fjár úr honum.

Och-Ziff, sem keypti 6,6 prósentu hlut í Arion banka í mars á síðasta ári, hefur átt undir högg að sækja undanfarið, einkum og sér í lagi vegna spillingarbrotu í Afríku sem sjóðurinn hefur þurft að greiða metsektir fyrir. Hlutabréf sjóðsins í kauphöllinni í New York féllu um 20 prósent í verði í fyrra og tóku fjárfestar út um sjö milljarða dala, jafnvirði 705 milljarða króna, úr sjóðnum á árinu. Ekki er talið að harðvítug barátta um framtíð sjóðsins, sem upphöfist fyrir skömmu, sé til að bæta ástandið.

Fastlega var gert ráð fyrir því að hinn 34 ára gamli Jimmy Levin, sem hefur starfað hjá Och-Ziff frá árinu 2006, myndi taka við forstjórastarfi sjóðsins, sem er stærsti vogunarsjóður sem skráður er á hlutabréfmarkaði í Bandaríkjunum, þegar stofnandinn Daniel Och léti af störfum á þessu ári.

Levin hafði risið hratt upp metorðastiga sjóðsins. Er ekki síst talið að djörf ákvörðun hans um að kaupa á árinu 2012 húsnæðistryggða skuldavafninga, sem flestir fjárfestar forðudust á þeim tíma eins og heitan eldinn, hafi átt stóran þátt í að auka hróður vogunarsjóðsins en sjóðurinn græddi fúlgur fjár á kaupunum. Levin var gerður að fjárfestingastjóra Och-Ziff í byrjun síðasta árs og hlaut á sama tíma kaupauka að virði næstum 300 milljónir dala. Hann var álitinn vonarstjarna Och-Ziff.

Kom öllum í opna skjöldu

Það kom því viðskiptavinum, starfsmönnum og stjórnarmönnum sjóðsins, og auðvitað ekki síst Levin sjálfum, verulega á óvart þegar Och tilkynnti skömmu fyrir síðustu júl að hann hefði skipt um skoðun. Levin yrði ekki eftirmaður hans. „Eftir yfirgripsmiklar umræður við stjórnina var það niðurstaða mín að nú sé ekki rétti tíminn fyrir Levin til að taka við sjóðnum,“ sagði Och í yfirlýsingu. Engar frekari ástæður voru gefnar fyrir sinnaskiptunum, að því er segir í ítarlegri fréttaskýringu *The Wall Street Journal* um átökin innan Och-Ziff.

Meirihluti stjórnarinnar var mót-



Daniel Och mun gegna stjórnarformennsku í Och-Ziff þangað til í mars á næsta ári. Hann hefur verið forstjóri sjóðsins síðustu ár. NORDICPHOTOS/GETTY

50%

er lækkun á verði hlutabréfa í Och-Ziff undanfarin tvö ár.

fallinn ákvörðun stofnandans en henni varð ekki snúið. Bandamenn stofnandans hafa þó bent á að hann hafi talið Levin vera of ágengan. Hann hafi lítið of stórt á sig og beðið um meiri fjármuni og völd en Och taldi að hann ætti skilið.

Í síðustu viku var nýr forstjóri ráðinn, margreyndur bankamaður að nafni Robert Shafir. Shafir, sem er afar vel liðinn í bankaheiminum en hefur þó aldrei starfað við sjóðastýringu, hefur síðustu ár stýrt starfsemi bankans *Credit Suisse* í Ameríku. Um leið var tilkynnt að Och myndi gegna stjórnarformennsku í sjóðnum þar til í mars á næsta ári.

Levin fagnaði ráðningu Shafirs og sagðist hlakka til að starfa með honum. Hins vegar er vitað að undir niðri kraumar ólga. Djúpt vantraust er sagt ríkja á milli þeirra Levins og Ochs og er ekki talið ólíklegt að sá fyrrnefndi yfirgefi sjóðinn. Víst er að fjölmargir viðskiptavinir sjóðsins myndu elta hann. „Hann er einstaklega hæfur fjárfestir,“ segir Michael Rosen, sjóðsstjóri hjá *Angeles Investment*, sem hefur fjárfest fyrir um 100

milljónir dala í sjóði í stýringu Levins. Hann segir að félagið muni sennilega taka féð út úr sjóðnum ef Levin hættir. „Það yrði vandamál.“

Sigið á ógæfuhliðina


Vogunarsjóðurinn hefur alla tíð frá stofnun árið 1994 verið kunnur fyrir stöðugleika í rekstri og þykir því umrötið í sjóðnum á síðustu vikum nokkuð merkilegt. Fréttaskýrandi *Bloomberg* bendir hins vegar á að sigið hafi á ógæfuhliðina hjá sjóðnum undanfarin tvö ár.

Má það einkum rekja til áður nefndra spillingarmála í Afríku. Sjóðnum var haustið 2016 gert að greiða 413 milljónir dala, sem jafngildir 42 milljörðum króna, í sekt eftir að upp komst að Michael Cohen, sem stýrði starfsemi Och-Ziff í Evrópu, hefði mútað embættismönnum í fimm Afríkuríkjum til þess að liðka fyrir viðskiptum í álfunni. Och var ekki talinn hafa vitað af mútugreiðslunum en hann samþykkti engu að síður að greiða persónulega 2,2 milljónir dala í sekt.

Í kjölfar þess að málin komust upp hriðfelli hlutabréf vogunarsjóðsins í verði – en þau hafa lækkað um 50 prósent á tveimur árum – og fjárfestar tóku að flýja með fjármuni sína úr sjóðnum. Eignir í stýringu sjóðsins, sem er þó enn einn sá stærsti í heimi, eru nú um 32 milljarðar dala en til samanburðar voru þær 50 milljarðar dala árið 2005.

kristinni@frettabladid.is

Óskarsverðlaun borga sig



Björn Berg Gunnarsson fræðslustjóri Íslandsbanka

Dýrasta kvikmynd síðasta árs var *Justice League*. Framleiðslukostnaður hennar var meiri en sem nemur samantöldum kostnaði þeirra níu sem nú eru tilnefndar til Óskarsverðlauna sem besta mynd ársins. Það kemur ýmislegt áhugavert í ljós þegar bornar eru saman þær kvikmyndir sem unnið hafa þessi eftirsóttu verðlaun frá aldamótum og þær sem í var varið mestum fjármunum.

Að meðaltali hafa verðlaunamyndirnar kostað fimmtung af framleiðslu-

kostnaði þeirra dýrustu, en skilað 60% tekna þeirra. Það borgar sig augljóslega að vinna því fyrir hverja milljón sem lagðar hafa verið í framleiðslu bætust við 9,6 í hagnað. Dýrustu myndirnar hafa einnig skilað framleiðendum ágætis tekjum, því hagnaður hefur að meðaltali verið riflega tvöfalt hærri en kostnaðurinn.

Ef við skiptum öldinni upp í tvö tímabil, 2000-2009 og 2010-2017, sjáum við talsverðan mun á fjármálahlíðinni. Þennan áratug hafa mun smærri myndir hlotið verðlaunin, riflega helmingi ódýrari að meðaltali. Hagnaðurinn er auk þess allt annar. Fyrri hluta aldarinnar var hagnaður Óskarsverðlaunamynda nær tvöfalt meiri en dýrustu kvikmynda ársins en undanfarin átta ár er hann einungis fjórðungur.


Kannski hefur val akademíunnar breyst, frekar en fjármálin í Hollywood. Undanfarið hafa kvikmyndir

Það borgar sig augljóslega að vinna því fyrir hverja milljón sem lögð hefur verið í framleiðslu bætust við 9,6 í hagnað.

á borð við *Spotlight*, *Birdman* og *The Hurt Locker* borið sigur úr þýtum en fljótlega upp úr aldamótum voru það til dæmis *Gladiator* og *Return of the King*.

Svona hugleiðingar eru að sjálf-sögðu bara til gamans og gefa tæplega tilfni til að spá fyrir um sigurvegara þessa árs. En ef við höfum áhuga á þeim leik virðist *Three Billboards* eiga ansi góðan möguleika. *Get Out* getur þó orðið sú sem skilad hlutlangmestum hagnaði í hlutfalli við kostnað Óskarsverðlaunamynda frá aldamótum, tvöfalt meiri en *The King's Speech*.

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU



SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

svaR
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

HB

HÚSGAGNABANKINN

RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



Quattro sófasett

Tilboð **290.000**



Houston sófasett

Tilboð **330.000**



Classico sófasett

Tilboð **290.000**



Rubelli hægindastóll

Í sterku áklæði

Tilboð **53.000**



Rubelli hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **74.000**



Carrera hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **71.000**



Bronson rafknúinn hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **119.000**



Carrera 2 mótoru lyftistöll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **127.000**



Carrera 2 mótoru lyftistöll

Í sterku áklæði

Tilboð **100.000**



Carrera 1 mótors lyftistöll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **114.000**



Chippendale glerskápur

Hnota

Tilboð **127.000**



Blaðgrindarborð

Mahogany eða Hnota

Tilboð **27.000**



Sófaborð

Mahogany eða Hnota

Tilboð **63.000**



Sjónvarpsskápur

Mahogany eða Hnota

Tilboð **83.000**



Carrera rafknúinn hægindasófi

Í sterku áklæði

Tilboð **139.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

Skotsilfur



Enginn fyrirvari

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, fór um víðan völl þegar Kristján Kristjánsson ræddi við hann á Bylgjunni síðasta sunnudagsmorgun. Þegar talið barst að yfirstandandi sölufelri Arion banka og möguleikanum á því að lífeyrissjóðir kaupri hlut í bankanum sagði Þorsteinn varla hægt að hugsa sér betri fjárfesta en sjóðina. Þeir væru afar traustir og ábyggilegir. Það væri „mikils virði“ fyrir banka að hafa slíka fjárfesta. Kristján hefði mátt taka það fram – svo ekki færi á milli mála – að Þorsteinn er stjórnarformaður Kviku banka, sem er einmitt ráðgjafi Kaupþings í sölufelrinu.



Forstjórinn mætir

Fulltrúar og ráðgjafar bandaríska fjárfestingarfélagsins Yucaipa, stærsta hluthafa Eimskips, hafa að undanförunu fundað með fjárfestum og kannað áhuga þeirra á kaupum á allt að fjórðungshlut sínum í skipafélaginu. Nokkra athygli hefur vakið að sjálfur forstjóri Eimskips, **Gylfi Sigfússon**, hefur látið sjá sig á umræddum fjárfestakynningum. Það hefur vakið spurningar um hvort mögulega aðrir hluthafar, sem skoða sölu, geti einnig fengið forstjórnann á sína fjárfestafundi.



Endurskoðar fjármálakerfið

Á meðal þeirra sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað í starfshóp sem á að vinna hvítbók um framtíðarsýn fjármálakerfisins er hagfræðingurinn **Kristrún Tinna Gunnarsdóttir**. Kristrún starfar hjá ráðgjafarfyrirtækinu Oliver Wyman í Svíþjóð en fáir muna eflaust eftir því að umrætt fyrirtæki vann árið 2014 skýrslu um íslenska bankakerfið að beiðni Samtaka fjármálfyrirtækja. Var það mat fyrirtækisins að bankakerfið væri mun dýrara í rekstri en bandar annarra norrænna landa og að nauðsynlegt væri að ráðast í „róttæka“ uppstokkun á fjármálakerfinu. Starfshópurinn mætti kannski dusta rykið af umræddri skýrslu.



Nýr seðlabankastjóri segir efnahaginn traustan



Jerome Powell sór á mánudag embættiseið sem nýr bankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna. Miklar lækkanir á hlutabréfamarkaði vestanhafs vörpuðu nokkrum skugga á athöfnina en Powell sagðist myndu fylgjast gaumgæfilega með öllum hættumerkjum á mörkuðum. Engu að síður sagði hann bandarískan efnahag standa traustum fótum. Atvinnuleysi mældist lítið, hagkerfið yxi hratt og verðbólgan væri sögulega lág. NORDICPHOTOS/GETTY

Aðhaldsleysi



Ásdís Kristjánsdóttir forstöðumaður efnahagsviðs Samtaka atvinnulífsins

Nú liggur fyrir Alþingi fjármála- og efnahagsráðgjafarinn nýrrar ríkisstjórnar. Lykilforsenda hennar er áframhaldandi óslitinn hagvöxtur fram til ársins 2022 og að núverandi hagvaxtarskeið nái hið minnsta ellefta aldursári. Að meðaltali hafa hagvaxtarskeið á Íslandi enst í sex til sjö ár. Þrátt fyrir þessa bjartsýnu forsendu er gert ráð fyrir því að afgangur af rekstri hins opinbera verði að jafnaði rétt ríflega 1% af landsframleiðslu á tímabilinu, sem seint telst ábyrg stefna.

Uppsveiflur taka nefnilega enda. Endir þeirra er sjaldnast fyrirséður og því er ábyrgðarleysi að sýna ekki aga á uppgangstímum vitandi að slíkt margborgar sig þegar harðnar á dalnum. Fjármálastefnan er nú

sett fram í kjölfar mikils uppgangs, tekjustofnarnir eru þandir og hafa aldrei verið meiri. Fyrirhugaður afgangur er aftur á móti agnarsmár, 1% af landsframleiðslu er aðeins um 26 milljarðar en til samanburðar hafa fjárheimildir ríkissjóðs fyrir árið 2017 þegar vaxið um svipaða upphæð frá upphaflegum áætlunum. Enn eignum við þó eftir að sjá endanlegan ríkisreikning fyrir 2017 en þar má gera ráð fyrir nokkurri aukningu útgjalda til viðbótar. Í aðdraganda bankahrunsins 2008, árin 2004-2007, nam afgangur hins opinbera 5% af landsframleiðslu og varð það ein af lífsbjörgum okkar Íslendinga hversu lítið skuldsettur ríkissjóður var. Þrátt fyrir áform um niðurgreiðslu skulda verða skuldir enn talsvert meiri 2022 en þær voru við lok síðustu uppsveiflu. Það er óábyrg stefna að búa ekki betur í haginn.

Stöðva ekki umframkeyrslu Vonir hafa verið bundnar við að ný lög um opinber fjármál, sem setja hallarekstur og skuldsetningu hins opinbera ákveðnar skorður, muni stuðla að auknum aga í fjármála-

stefnu hins opinbera. Með lögnum er lögð áhersla á langtímahugsun og bætt vinnubrögð. Slík lagasetning er skref í rétta átt og skynsamleg nálgun en því miður eru lögin ekki nægilega vel útfærð. Þau ná hvorki að hemja útgjaldavöxt á góðæristímum né kerfislega aukningu fjárheimilda frá framlagningu frumvarps til endanlegs ríkisreiknings. Ekki er komin endanleg niðurstaða fyrir útgjöld ársins 2017 en þó er ljóst að þau verða umfram fjárheimildir á sama tíma og fjármálastefnan er þensluhvetjandi. Flest þróuð ríki sem styðjast við afkomureglu leiðrétta fyrir hagsveiflunni, enda er auðveldara að fylgja einfaldri afkomureglu þegar tekjustofnar þenjast út. Þannig er tryggt að aðhalds sé gætt á uppgangstímum en að slakinn sé meiri í niðursveiflu.

Á meðan lítil áhersla hefur verið á aðhald eða mikilvægi þess að draga úr opinberum umsvifum, sem eru ein þau mestu meðal OECD-ríkja, skapast ekki rými til skattalækkana. Það er einnig óábyrg stefna að festa Ísland í sessi sem háskattaríki. Eftir 2008 voru skattar hækkaðir, þær skattalækkningar standa flestar

óhreyfðar nú næstum áratug síðar. Í fjárlagafrumvarpi 2018 eru frekari skattalækkningar boðaðar en engar skattalækkningar, sem er miður.

Síðustu ár hefur verið forgangsráðað til heilbrigðis- og menntamála og hafa útgjöld til málaflökkanna aukist verulega umfram önnur útgjöld ríkisins. Enn er þó krafist aukinna framlaga til þessara málaflökka og er það skiljanlegt enda viljum við öll hafa slíka grunnþjónustu sem besta. Það blasir þó við að vandamálið er ekki skortur á fjármagni. Tækifærin hljóta að vera fölgín í því að auka skilvirkni og forgangsráða betur innan núverandi útgjaldaramma. Slíkt myndi um leið skila betri nýtingu á skattfé landsmanna. Standi vilji stjórnvalda til að minnka álögur á almenning þarf að halda aftur af útgjöldum en lítið fer fyrir slíkum sjónarmiðum. Það virðist hins vegar vera samstaða um það á Alþingi að halda skattþrosentum í botni í gegnum alla uppsveifluna. Einhverjir stjórnvaldamenn ætla síðan að lækka skatta í næstu niðursveiflu. Af fenginni reynslu vitum við að það er útópisk hugmynd.

Má ekkert lengur!?



Brynhildur S. Björnsdóttir framkvæmdastjóri GG Verks, og FKA-félagskona

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í heiminum hefur orðið bylting – þar sem alda-löng þöggung um kynbundna kúgun og ofbeldi hefur loks verið rofin. Byltingin MeToo hefur haft viðtæk

áhrif og gerðist m.a.s. svo fræg að vera kosin „Maður ársins“ á dögunum. Byltingin hefur fengið konur í nær öllum atvinnugreinum og þjóðfélagshópum til að opna sig og deila með okkur sínum sögum. Við lesturinn hefur maður áttað sig á því hvað kúgunin og ofbeldið hefur lengi viðgengist og verið seigt mein í menningunni. Risastórt graftarkýli sem við áttum alveg eftir að sprengja.

Engin kaffistofa hefur farið varhluta af umræðunni og vonandi ekkert stjórnarherbergi. Eg hef átt mörg lærdómsrík samtöl en þó hef ég líka orðið fyrir stórkostlegum von-

brigðum með hóp fólks sem gerir lítið úr byltingunni og vægi hennar. Talar um að nú sé daðrið dautt og það „megi ekkert lengur“. Það er nákvæmlega viðhorfið sem fékk mann til að bíta á jaxlinn í öll þessi ár í stundum fánæglegum aðstæðum. Hvort sem það var þegar klippt var í brjóst manns og rass á gengilbeinuárunum, óþægilegu klámbrandararnir sem voru látnir fjúka á viðskiptafundum eða þegar maður var króaður af til að láta þefa af sér í lyftu (já, ég veit), eða þegar maður var orðinn framkvæmdastjóri byggingafyrirtækis á stórum fögnuði með

öðrum (karl)stjórnendum í bransanum. Mín viðbrögð? Engin. Beit bara á jaxlinn og hef forðast slíkar samkomur síðan.

En hvaða áhrif hefur þetta í raun haft á mig sem stjórnanda í karllægum bransa? Og öllu heldur, hvaða áhrif hefur þetta haft á mínum og þínum vinnustað? Hefur vinnustaðurinn þinn og bransinn farið í naflaskoðun? Hvernig getum við nýtt þessa byltingu til þroska og lærdóms? Hvaða ætla stjórnendur að gera til að tryggja breytingar?

Um þetta fjallar FKA-ráðstefnan í dag. Þar koma saman konur og

menn til að skera á þetta graftarkýli og vinna að úrbótum. Þar stiga fram ábyrgir menn eins og Guðni Th. Jóhannesson forseti og Gestur Pálmason, sem fer fyrir hreyfingu karlmanna sem kalla sig #egertil og vilja axla ábyrgð gegn kynbundnu ofbeldi. Svo ekki sé minnst á flottu kvenstjórnendurnar sem stíga fram og kynna fyrir okkur hvernig þær ætla að tryggja að byltingin skili raunverulegum árangri á sínum vinnustað.

Það er nefnilega hárrétt. Það má ekkert ofbeldi lengur. Sorri með okkur. Byltingin lifir.

PHILIPS



EPSON

FRIDAY
NEW YORK
JUNE 20
+22
5:12 10:05 43%
+18 NIGHT
+20 MORNING
+22 DAY
+21 EVENING

casual
chique

sun glasses
chique

classic
leather

Fangaðu athyglina

Fjölbreyttar lausnir fyrir verslanir, veitingastaði,
fundarherbergi og móttökur

Hafið samband og kynnið
ykkur möguleikana



Heimilistæki ht.is

Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Afköst og aðhald

Fjölmiðlaskýrslan svokallaða leit dagsins ljós á dögunum. Í skýrslunni var ýmislegt skynsamlegt að finna, en mögulega er stærsta einstaka tillaga nefndarinnar sú að RÚV hverfi alfarið af auglýsingamarkaði. Í nýjasta opinbera ársreikningi RÚV námu tekjur félagsins af auglýsingasölu um 2,2 milljörðum. Þær leggjast ofan á þá fjóra milljarða sem RÚV fær árlega í meðgjöf frá ríkissjóði. RÚV hefur því úr svipuðum fjármunum að móða og sambærileg starfsemi miðla Vodafone, áður í eigu 365.

Að nánast öllu öðru leyti er örðugt að bera miðlana saman. Vodafone rekur að minnsta kosti fimm sjónvarpsstöðvar, eigin streymiþjónustu í anda Netflix, fjölvarpsþjónustu, átta útvarpsrásir og tónlistarstreymiþjónustu. Auk þess framleiðir félagið bæði sjónvarps- og útvarpsfni og kaupir erlent efni. Því til viðbótar rekur Vodafone fréttastofur fyrir útvarp og sjónvarp. Á meðan rekur RÚV eina og hálfu sjónvarpsstöð og tvær útvarpsrásir. Félagið starfrækir fréttastofur og framleiðir mikið af eigin efni en kaupir erlent efni.

Þrátt fyrir að verkefni og afköstin virðist við fyrstu sýn margföld hjá Vodafone starfa um helmingi fleiri hjá RÚV en við sambærilega starfsemi hjá hinu einkarekna félagi. Þess utan er það ekki svo að í starfsemi á borð við auglýsingasölu falli tekjurnar af himnum ofan. Það þarf að ráða sölufólk og sjá því fyrir launum, aðstöðu og búnaði. Slikt kostar peninga sem draga mætti frá því tekjutapi sem afhlytist ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði.

Ekki er auðvelt að sjá hver þessi kostnaður er af ársreikningum RÚV en kannski má áætla hann sem um helming af tekjunum. Tekjutap RÚV yrði samkvæmt því 1,1 milljarður króna árlega ef félaginu yrði meinað að selja auglýsingar.

Nú skal ekki gert lítið úr störfum fólks en samanburður við einkamiðlana bendir til þess að allt of miklu sé til kostað fyrir lítil afköst í starfsemi RÚV. Ríkisfjölmiðillinn ætti að geta haldið sinu striki án þess að keppa við einkamiðlana um tekjur á frjálsum markaði. Það er engin ástæða til að bæta RÚV upp meint tap af auglýsingusölu. Einungis þarf að gera eðlilega kröfu um afköst og aðhald í rekstri.



Gísli til Kortþjónustunnar

Gísli Heimisson hefur verið ráðinn forstöðumaður hugbúnaðarsviðs Kortþjónustunnar, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, en hann hafði verið framkvæmdastjóri MainManager frá júní 2017.

Tekur Gísli við starfinu af Gunnari M. Gunnarssyni, sem jafnframt var áður annar af hluthöfum Kortþjónustunnar ásamt Jóhannesi Inga Kolbeinssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, en hann hætti í byrjun ársins og við starfi hans tók Björgvin Skúli Sigurðsson. Gísli,



Gísli Heimisson

sem er verkfræðingur að mennt, var meðal annars framkvæmdastjóri banka- og rekstrarsviðs MP banka fram til ársins 2015 og þá var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Glitnis banka.

Kortþjónustan rambaði á barmi gjaldþrots eftir greiðslustöðvun flugfélagsins Monarch í október. Í kjölfarið var gengið frá sölu á fyrirtækinu til hóps fjárfesta, sem var leiddur af Kvik, á eina krónu sem lagði Kortþjónustunni einnig til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. – hae

02.02.2018

Auðvitað höfum við þungar áhyggjur af því að innlend framleiðsla sé á brún hengiflugs.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins



Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

